

Aðalfundur VR haldinn á Grand Hótel, miðvikudaginn 17. apríl 2013

Formaður félagsins, Stefán Einar Stefánsson bauð fundarmenn velkomna. Síðan veitti hann 3 fyrirtækjum Jafnlaunavottun VR fyrir aðalfund. Fyrirtækin eru IKEA, ISS og Íslenska Gámafélagið.

Formaður félagsins, Stefán Einar Stefánsson, setti fundinn og lagði til fundarstjóra.

Dagskrá aðalfundar VR skv. 24 gr. félagslaga.

1. Kosning fundarstjóra

Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR
Úrskurðað um lögmati fundarins. Auglýstur löglega.

2. Kosning ritara

Viktor Elvar Viktorsson, starfsmaður VR

3. Skýrsla um störf félagsins

Stefán Einar Stefánsson flutti skýrslu stjórnar. Talaði um ágrip af sögu VR og sögu Reykjavíkur í samhengi. Magrt hefur breyst og annað ekki. Starfsemi VR heldur áfram þrátt fyrir allt. Á 722 dögum hans í stól VR hefur margt breyst. Gerði félagsmönnum grein fyrir starfseminni síðustu ár. Fór yfir söguna frá árinu 2008. Formannskipti og niðurrif og óeining sem kom niður á starfsemi félagsins. Þrátt fyrir allt hélt félagið sjó. Félagsmenn VR fylgdust með og félagið áttu undir högg að sækja. Vegna þessa ástands bauð Stefán Einar sig fram árið 2011 og hét því að endurreisa félagið. Fyrsti stjórnarfundur í maí 2011, þar sem hófst vinna við að gera stjórnina starfhæfa. Fá stjórnina til að lúta fyrirfram greindum lögum og reglum og ná fram niðurstöðu á lýðræðislegan hátt. Fyrsta verk var að ráða framkvæmdarstjórna. Helga Árnadóttir valin í stöðun og hefur haldið utan um daglega rekstur félagsins. Hefur gert það vel. Eftir að stillt hafði verið til friðar í stjórn var ljóst að félagið var staðnað. Forsvarsmenn félagsins staðráðnir í að finna leiðir til þess að rjúfa þá stöðun. Starfsendurhæfingin átti sér t.d. engan stað í skipuriti félagsins auk fleiri þátta. Ákveðið að hafa fjóra grunnþætti til viðmiðunar: Einfalda skipulagningu félagsins. Hægt að fara betur með peninga félagsmanna. Leita leiða til að þjónusta félagsmenn betur. Ná fyrri styrk í samfélaginu og verða mótandi afl í samfélaginu að nýju. Til aðstoðar var fengin erlendur sérfræðingur Ian McDougal. Stefán Einar sýndi lífshring fyrirtækja, glæra og vildi Ian meina að hægt væri að blása lífi í kulnaðar glæður félagsins. Ákveðið að einfalda skipuritið hjá félaginu. Margir höfðu efasemdir um þessar breytingar en þær hafa engu að síður sannað sig. Einfaldari uppbygging félagsins með 3 svið sem styðja við það sem unnið er fyrir félagsmenn. Vorum að fara að taka á móti nýju sviði Starf, vinnumiðlun og ráðgjöf. Skipuritið kynnt. Var gagnrýndur fyrir 40 að segja að miljóna kr. Rekstrarkostnaðalækkun hefði átt sér stað en engu að síður er það staðreynd. Þróunarsvið hefur unnið að nýjum leiðum dæmi er Jafnlaunavottun VR. Að gera VR mótandi afl í samfélaginu að nýju. Er þegar farið að koma fram. Viðhorf félagsmanna til félagsins er betra og sýnir að VR er á réttri leið. Nýjasta mæling sýnir hækkun á jákvæða þættinum um 8%. Ánægjulegar mælingar fyrir alla sem koma að rekstri félagsins. Tekur mörg ár að byggja upp traust en auðvelt að glata því. Til samnburðar eru aðrar stofnarni landsins illa staddar. Neikvæð áhrif á starfsmenn og starfsemi félagsins. Nýjar mælingar sýna að ánægja starfsmanna hefur aukist til mikilla muna. Öll starfsemi VR snýst um kjarasamning á hverjum tíma. Stefán benti á hvernig VR hefur aukið hag félagsmanna. Kjarasamningur undirritaðir síðasta haust. Ljóst að hækkunar sem tryggðar voru komu sér vel fyrir félagsmenn. Verðbólguótti atvinnurekenda er orðin að þeirra sultarsöngur. Sorglegt þegar aðrir formenn stéttarfélaganna taka undir það. Við endurskoðun samninga reyndi ASÍ að veita og meta þá hagsmunum sem undir voru. Ákveðið að láta samninginn standa. Ábygrðin á herðum hans, Stefáns. Samkomulag um að stytta samninginn til 30. nóv næstkomandi. Býður nýrrar stjórnar að landa þeim samningi. Ljóst að félagsmenn munu ekki biða eins og síðast. Tryggja þarf að nýr samningur liggji fyrir um áramótin. Tryggja að ASÍ fari samneinað að samningaborðinu. VR er stærsta félagið innan ASÍ og verður að haga sér sem slíkt. Ekki hægt að láta útflutingsgreinar njóta alls en þeir sem starfa við innflutning ekki. Má ekki skilja aðra greinina eftir þá er ljóst að þá verður ekki friður á vinnumarkaði. Íslensk samfélag þarf að standa saman og byggja upp stöðir samfélagsins. VR getur tekið þátt í því.



Kynnti nokkur úrræði sem VR hefur á sýnum snærum. Starfsendurhæfing VIRK kynnt. Hefur átt samstarf frá árinu 2009. Stefán hefur setið í stjórn Virk og hefur verið áhugavert að kynnast og fylgjast með þessu verkefni. Mikið kraftaverk sem hefur verið unnið. Þjónusta við atvinnuleitendur í gegnum STARF. Tekið í gagnið 1. ágúst 2012. Hefur gefist vel. Tölulegar staðreyndir. VR stofnaði til vinnumiðlunar árið 1936. Þar sem 66 félagasmenn voru án atvinnu. Töluvert fleiri í dag. 1387 félgsmenn VR eru án vinnu í dag en voru 2673 í janúar 2012. Verkefnið hefur unnið uppá sig færri þurfa að njóta þjónustunnar en við erum betur í stakk búin til að aðstoða þegar á þarf að halda. Kjaramálaráðgjöfin hefur áfram verið ein af burðarstöðum félagsins. Málum fjölgar á milli 2011 og 2012 en þó ákv. Jafnvægi þar á milli. Hugmyndarfræðin er að tvinna saman þá ráðgjöf sem við veitum, vinnumimssir, vegna veikinda eða vegna áttaka við vinnuveitanda. Margir þurfa að leita til allra þessara þriggja burðarpósta. Heildstæð þjónusta sem er veitt og ekkert annað stéttarfélag veitir álíka þjónustu. Önnur mál einnig mikilvæg, orlofsjóðurinn, sjúkrasjóðurinn sem veitir mikinn styrk til félagsmanna. Félgasmenn hvattir til að kynna sér þær upplýsingar sem er að finna í Ársskýrslu félagsins. Stefán frá Jafnlaunavottun VR þar sem fleiri og fleiri fyrirtæki hafa ákveðið að fara í Vottun. Markmið að fylla hillur VR af Jafnlaunavottunarkerfi VR. 100 stærstu fyrir árið 2014 væri mikið og gott markmið. BSI hefur varla undan við að sinna þessu verkefni. Hefur m.a. ráðið nýjan starfsmann. Komið að leiðarlökum hjá Stefáni, okkur hefur miðað áfram og félagið er betur stætt en fyrir 2 árum. Traustið vaxið um 65%. Fleiri mál sem hægt væri að tíunda. Stefán óskar nýjum formanni og ný kjörinni stjórn velfarnaðar. Taka við góðu búi af síðustu stjórn. Taka við starfsliði sem er með fjölbreyttan bakgrunn og menntun til að takast á við verkefni sem framundan eru. Mikil forrættindi að stýra og vera félagsmaður í slíku félagi.

Fundarstjóri fékk formlegt samþykki til að fjalla um skýrslu stórnar og reikninga félagsins saman.

4. Reikningar félagsins

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri VR, fór yfir helstu stærðir í reikningum félagsins en þeir eru birtir í ársskýrslu félagsins.

Tekjur ársins 2.220, sem skiptast í ssj, orl og félagsiðgjöld. Hækkun skýrinast af kjarasamningsbundnum hækkunum á árinu 2012 og aukning félgsmsnna um 2.2%. Leiga orlofshúsa, leigutekjur aðeins minni en aðara tekjur hærri. Aðrar tekjur minnka um 5 milljónir sem kýtast af sölu íbúðar árið 2011. Rekstrargjöldin 2.103, iðgjöld o gskattar til ASÍ 141 milljón en stóri liðurinn er bætur og styrkir sem akutas um 250 milljóoír frá árinu 2011. Lang stærsti útgjaldaliða eru sjúkradagpeingar. Herfu verið mikil auknig í geðröskunum og stoðkerfisvandamálum. Eftirfylgni hrunsins sem eru að koma fram. Varasjóðurinn aukist mikið útgjaldalega. Aukars um 62 milljónir frá árinu áður 452 milljónir sem 13.086 félagsmanna nýtti sér. 12% aukning frá árinu áður. Mest nýttu rí líkamsætkarkort og einnig í orlofsleigur hjá VR. Hvoru tveggja nýtist best þar sem það er skttfrjálst upp að vissum mörkum. Rekstur orlofshúsa og önnur orlfsþjónusta lækkar, aukin endurnýjun sem hefur minnkað viðhald. Auglýsingar lækka um 17 milljónir. Stór herferð á árinu 2011 og afmæli VR það ár. Kostnaður vegna kannan lækkaði, rekstur húsnæðis hækkaði vegna almenna gjaldskráhækkana. Afskriftir fastafjármuna aukast verulega. Slatti af gömlum eignum sem þurfti að afskrifa, mikið vegna einskiptis afskrifatfærslna á árinu 2012. Rekstrajgjöld Fjármagnsliðir 7.6% ávöxtun.

Eignir félagsins. Auknig varanlegrar rekstrarfjármunir vegna nýs oflorhúsa eyjum og endurbæting í fluðum, stækka húsnæði í Kringlunni, skrifstofur teknar í gegn, Akureyri tekin í gegn. Nýr Bíll fyrir orlofsbyggðir. Verðbréf og verbréfasjóðir um 7455 milónor. Veltufjármunir. Öinnheimt iðgjöld og fleira aðeisin hærri en í fyrra.

Fór yfir þróun raunávöxtunarfrá árinu 2006. Varfærin fjárfestingar stefna. Breytt stefna frá árinu 2011. Varfærnari en verið hefur. Viljum fylgja tilmælum FMR til koifeyrssiðða Sýnt á myndrænan hátt.

Iðgjaldaukning 9% 250 milljónir í útgreiðslum og rekstragjöld Ikka. Ávöxtun eigna ásættanleg og eignarstaðan sterk.

Umræða um skýrslu stórnar og reikninga.



Rannveig Sigurðardóttir: Hagræðing í VR. Hver er hún í krónutölum? Hvað kostar Jafnlaunvottun félagið í krónutölum?

Helga Árnadóttir svaraði Rannveigu Sigurðardóttur. Hagræðing í rekstri er eftirfarandi: 13 milljónir sem eru í gegnum Starf, sem áður var kostnaður félagsins í gegnum atvinnuleytendaverkefni. Hagræðing í launakostnaði, fjórum stöðugildum fleiri og laun hafa hækkað en launakostnaður hefur staðið í stað. C.a. 29 milljónir. Rekstur orlofsmála lækka um 6 milljónir. Mjög gott m.v. þær hækkanir sem verið hafa. Annað minniháttar hér og þar. Kostnaður við Jafnlaunavottun stjórn samþykkti 50 milljónir í verkefnið á árinu 2013, höfum greitt 38 milljónir fram til þessa dags. Auglýsingar og allt tekið inni þetta.

Stefán Einar bætti við, vegna jafnlaunavottunar. Settur rammi uppá 50 milljónir í samhengi við að útreikningar sýna að ef kvenn félagsmenn fengju jafn há laun, fengju þær 5.5 milljarða hærri laun en þær eru að fá í dag. 1% af þessum muni settur til þessa verkefnis. Inni þessum kostnaði, þróunarvinna, kynningarvinna, gerð síðunnar, jafnlaunavottun.vr.is og 3 sjónvarpsauglýsingar. 1 sýn en 2 bíða bitinga. Næstu auglýsingar snúa að öðrum starfstéttum sem eru innan félagsins. Miklir peningar sem settir eru í verkefnið. Í samhenginu var 2011 farið í auglýsingu með svartri krumlu, en sú herferð kostaði 30 milljónir og aðeins vitundarvakning en ekki stórt verkefni. Ný stjórn verður að taka ákvörðun um að halda áfram með verkefni. Ekki dýrt m.v. hagsmuni sem verið er að verja og sækja fram með.

Tillaga um framlag í Varasjóð 479.976.045 fyrir árið 2012 auk viðbótar framlags að upphæð 10.623.746. Kemur fram undir lið 2 í skýringum.

Enginn sem vill tjá sig.

Borin upp. Samþykkt, enginn á móti samþykkt samhljóða.

Reikningar bornir upp, samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Lagabreytingatillaga frá Guðmundi Inga Kristinssyni

Breyting á 3. gr., 3. mgr., Félagsaðild

Núverandi hljóðan:

3.gr, 3. mgr. Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds en njóta ekki kjörgengis í félaginu. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.

Verði:

3.gr, 3. mgr.

„Einnig geta þeir félagsmenn sem hætta störfum á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku verið áfram félagsmenn gegn greiðslu félagsgjalds. Eftirlaunaþegar sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna geta átt takmörkuð réttindi í félaginu samkvæmt nánari reglum einstakra sjóða.“

Guðmundur Ingi gerði grein fyrir því að árið 200X í samtali við MLS og hann kom því á að Öryrkjar fengju aðild að félaginu. Vildi meina að félagið hefði gleymt sér. ASÍ í málshöfðun vegna lífeyrisgreiðslna. Útilokun vegna fötlunar gengur ekki upp. EF standa á fyrri Virðing og Réttlæti þá verður þetta samþykkt.

Hörður Geirlaugsson styður mál Guðmundar Inga heilshugar lenti sjálfur í örorku á síðasta ári. Öryrkjar eru líka fólk, hafa borgað skatta og skyldur alla tíð. Þarf ekki persónulega að kvarta stendur vel en ekki allir. Lágmarksréttindi að sitja við sama borð og aðrir sem skila fullri vinnu.



Kúnstugt að hafa verið 43 ár félagi í VR og í fyrsta skipti á aðalfundi. Betra seint en aldrei. Þakkar fyrir tekjur í 8 mán frá sjúkrasjóði. Metur starf VR mikils og ber virðingu fyrir félaginu. Hefur látið sig vanta á aðlfundi en ekki vegna áhugaleysis. Vil veg félagsins sem mestan. Er stoltur af efnahagsreikningi.

Eyrún Ingadóttir. Fráfarandi varaformaður VR. Ástæðan fyrir tillögu fyrir ári síðan að öryrkjar njóti ekki kjörgengis er skýr. Öryrkjar eru ekki fullgildir vegna þess að þeir eru ekki á vinnumarkaði. VR byggt upp þannig að aðstoða okkur sem lenda í þeim aðstæðum sbr. sjúkrasjóðinn. VR félags fólks á vinnumarkaði, tekur ákv. um kjaramál og verkföll. Er grunnurinn. Guðmundur Ingi í einkennilegri baráttu hann skrifaði grein í Morgunblaðið sem hét Óvirðing og óréttlæti. Eyrún leggur til að tillagan verði felld.

Guðmundur Ingi. Greini sem Eyrún vísar í var skrifuð þegar Öryrkjum var sparkað út úr félaginu. VR stendur fyrir endurhæfing á öryrkja en öryrkjar eiga ekki að vera í félaginu. Skilur ekki svona. Dæmi um atvinnuleitendur og öryrkja, báðir að reyna að fá sér vinnu. Sjálfsagt, getum aldrei kaffært vinnandi fólk í félaginu en geta verið með.

Stefán Einar. Umræðan tekin af hörku á síðasta aðalfundi. Barst frá félagsmanni og ákvörðunin tekið. Hafa hvoru tveggja til sins máls. VR félag vinnandi fólks. Eðli örorkunar er skilgreining á vangetu til starfa. Við sem samfélag höfum lagt áhersu á það að breyta skilgreiningu vergna örorku. Einblína á það sem fólk getur en ekki það sem fólk getur ekki. Guðmundur Ingi einn öflugasti mótmælandi landsins. Hefur staðið fyrir utan VR og VÍS. Truflandi við greinina er að öryrkjar geti ekki haf aðgengi að trúnaðarráði. Ráðið stór stofnun sem öryrkjar og eldri félagsmenn ættu að hafa möguleika á að sitja í. Eldri borgara hafa ekki möguleika en ættu að hafa, þar sem við erum einnig að semja um lífeyrigreiðslur. Legur til að samþykkt verður að notið verður kjörgengis að trúnaðarráði en ekki stjórn.

Fundarstjóri talaði um að hann bæri upp tillögur.

Tillagan borin upp: Talning. Tillagan felld. 37 á móti 50. Þurfti 2/3 hluta til að ná í gegn.

Lagabreytingatillögur frá Rannveigu Sigurðardóttur

- A. Breyting við 19. gr., Kjörstjórn
Núverandi hljóðan:

Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félaginu. Tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

Verði:

- A. „Kjörstjórn skal skipuð þremur mönnum við kosningar í félaginu. Stjórn VR skal tilnefna kjörstjórn. Formaður kjörstjórnar skal vera lögmaður sem hefur ekki hagsmunatengsl við félagið og ASÍ. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.“
- B. Breyting við 20.3 gr., 1. mgr., Um framkvæmd kosninga
Núverandi hljóðan:
- C. Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Verði:

„Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða, kjörgengi, kosningarétt og hæfi til stjórnarsetu.“



D. Breyting við 23 gr., Aðalfundur
Núverandi hljóðan:

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Verði:

„Aðalfundur félagsins skal halda eigi síðar en 21 degi eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Fundurinn skal boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.“

Rannveig leggur til að henni verði vísað til laganefndar nýrrar stjórnar.

Umræður um tillögu:
Funarstjórn lagði til að hún væri dregin til baka.
Ekki afgreidd

6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Formaður VR - til tveggja ára

Ólafía Björk Rafnsdóttir

Sjö stjórnarmenn – til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Ásta Rut Jónasdóttir

Ragnar Þór Ingólfsson

Rannveig Sigurðardóttir

Páll Örn Líndal

Helga Ingólfssdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir

Þrjú varamenn í stjórn VR – til eins árs

Benedikt Vilhjálmsson

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Óskar Kristjánsson

Listi trúnaðarráðs var rétt kjörin þar sem ekki mótframboð barst.

Trúnaðarráð VR kosið til tveggja ára í kosningum 2013

Anna Þórðardóttir Bachmann

Benedikt Ragnarsson

Birgitta Bjarnadóttir

Björgvin Ingason

Brynjar Kristjánsson

Einar M. Nikulássson

Elísabet Magnúsdóttir

Eyrún Ingadóttir

Gísli Kristján Gunnsteinsson

Guðmundur J Jónsson

Guðrún Jóhannsdóttir

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir

Gunnar Böðvarsson

Hansína Gísladóttir

Hjördís Jónsdóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Ingimar Þorsteinsson

Jón Hrafn Guðjónsson

Jón Ingi Kristjánsson

Júlíana Pálsdóttir

Kalla Björg Karlsdóttir

Kári S. Friðriksson

Ólafur H. Harðarson

Ólafur Hrafn Traustason

Ólafur Reimar Gunnarsson

Petrína Ragna Pétursdóttir

Ragnar Orri Benediktsson

Sesselja Jónsdóttir

Sigurbjörg Þorláksdóttir

Stefán Óli Sæbjörnsson

Stefán Viðar Egilsson

Steinar Viktorsson

Steinþór Ásgeirsson

Sveinbjörn Fjölur Pétursson



Sveinbjörn Hannesson
Valur Valtýsson
Valva Árnadóttir
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Guðbjörg Hallsdóttir
Þróstur Ríkharðsson

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu

Aðalfundur VR, haldinn að Grand Hótel, miðvikudaginn 17. apríl 2013, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan Deloitte hf. sjái um endurskoðun félagsins.

Fundarstjóri spurði hvort aðrar tillögur væru en enginn bað um orðið. Hann bar þá upp tillöguna sem var samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun félagsgjalds. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Aðalfundur VR, haldinn að Grand Hótel, miðvikudaginn 17. apríl 2013, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 18 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Orðið var gefið laust um þessa tillögu en enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Ákvörðun um laun stjórnarmanna. Tillaga um óbreytt laun stjórnarmanna. Óbreytt frá fyrra árið 40 þúsund á mánuði og varamenn fá 20 þúsund fyrir hvern setin fund.. Óbreytt frá árinu áður.

Orðið var gefið laust um þessa tillögu en enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

- a. Guðmundir Ingi. Fyrir ári síðan þegar Öryrkjum var úthýst, var einnig bannað að ræða Lífeyrissjóðsmál, þ.e. tekið af dagskrá afkoma LIVE á fundinum. 400 milljarðar í sjóði LIVE. Lagt til að það verði rætt fyrir eftir eða á sér fundi. Hljótum að þurfa að ræða. Fundarstjóri benti á aðalfundur LIVE væri staðurinn til að ræða málefni sjóðsins.
- b. Petrína Pétursdóttir. Gaman að koma upp og tala. Þakkar Stefáni Einari fyrir samvinnuna, 2 góð ár og var ósátt við að nýr formaður væri að koma. Studdi Stefán Einar. Veit ekki hvort hún sé kjörgeng á næsta ári í Trúnaðarráð þar sem hún er að hætt að vinna. Vil vita hvort hún hafi kjörgengi. Hefur verið kosin til 2 ára og því getur setið í trúnaðráði út þann tíma. Óskaði nýjum formanni til hamingju með kjörið
- c. Óskar Guðmundsson. Spyr um ályktun stjórnar um hlutfjárkaup í Eimskip. Kaupréttarákvæði stjórnarmanna sé inni. Vill spyrast fyrir um hvort eðlilegt sé að keypt sé í félaginu þar sem hann telur að kaupréttarákvæðið sé komið inn aftur.
- d. Stefán Einar svaraði Óskari. Engin yfirlýsing frá Stjórn VR. Stefán benti á að Óskar sé innherji hjá Samskipum. Daginn sem útboðið áttii að hefjast í Eimskipum hafði Stefán Einar samband við forstjóra Eimskips og sagði að stjórn LIVE myndi ekki sitja undir þessu og kaupa í félaginu. Var því fallið frá þessum kaupréttum sem voru ósanngjarnir og óheilbrigðir. Hefur heyrt af kaupréttum að nýju en þeir miðast við gengi dagsins í dag og því sanngjarnara. Treystir því að nýjir stjórnarmenn í LIVE skoði þetta mál. Stjórn VR tilnefnir nýja stjórn fyrir mánaðarmótin. Treystir því að stjórnin gæti að þessu.
- e. Sesselja Jónsdóttir. Tillaga að því að ekki sé alltaf verið að skipta um formann. Hafa kosningar um formann á 4 ára fresti.
- f. Rannveig Sigurðardóttir. Vil nota tækifærið til að þakka þeim sem studdu hana í stjórn VR. Stjórn VR er þar sem hennar hjarta liggur. Vil vekja sérstaka athygli á

stómerkilegum atburði. Fyrsta sinn í sögunni kosni kona sem formaður VR. Óskar Ólafíu til hamingju.

- g. Gullmerki VR afhent stefán Einar afhenti, Stefaníu Magnúsdóttur, Ragnar Engilbertsson, Gunnar Helgi Guðmundsson. Minntist á að gullverð hrapaði sama dag og tilkynnt var um að viðkomandi hefðu hlotið gullmerkin. Lýsa þakklæti og djúpri virðingu til þeirra sem það hljóta. Í lögum félagsins er þetta tiltekið og yfirlieft ekki gert fyrr en í starfslok. Talaði um að það væri enginn her á Íslandi en VR-ingar eiga hálfgerða stíðhetju sem slasaðist í átökum í verkfallsvörslu. Gunnar Helgi Guðmundsson hefur gert það og tekur við merkinu. Staðið upp fyrir Gunnari Helga og klappað. Annar félagi okkar mætir alltaf á fundi og hefur tekið vel þátt í starfsemi félagsins. Ragnar Engilbertsson. Síðast en ekki síst mikil vinkona Stefáns og starfsmanna félagsins sem reynst hefur félaginu vel unanfarin ár. Fáir gengt eins mörgum trúnaðarstörfum undanfarin ár. Sem starfsmaður, stjórnarmaður, formaður Landssambandsins, varaformaður VR auk þess að hafa stýrt mörgum nefndum.
- h. Ólafía B. Rafnsdóttir. Byrja á því að óska Stefáni velfarnaðar á þeim vettvangi sem hann fer á. Mikill heiður að taka við, þakklát fyrir það skýra umboð sem hún fékk. Efst í huga fyrsti aðlafundur VR. 23 árum síðan. Ábyrgð formanns mikil og kemur fram fyrir félagið. Mun leggja áherslu á samvinnu og traust að hlustað verði á skoðanir allra og málin leidd til lykta. Ætlar sé rað kynnst þeim verkefnum sem verið sé að vinna. Brýnt að virkja trúnaðarráðið. Hefur lítið virkað hingað til. Þarf að finna nýjar leiðir til skoðanaskipta. Formaður VR á að vera formaður allra félagsmanna. Hópar sem hafa mismunandi þarfir. Brýnt að kynnst mismunandi hópum. Svára þarf þessu kalli. Skýrt að við sækjum umboð til félagsmanna. Nýta þekkingu sem til staðar er. Taka saman höndum og gera VR að enn betra félagi.
- i. Fundarstjóri óskaði samþykks fundarins að ljúka fundargerð með fundarritara. Samþykkt

Fundarstjóri sleit síðan fundi klukkan 21:44.

Fundargerð ritaði Viktor Elvar Viktorsson